

# JÓN PÉTURSSON

Jón Pétursson fæddist í Skjaldarbjarnarvík í Strandasýslu 27. janúar 1929. Hann lést 31. október síðastliðinn á Sjúkrahúsi Akraness.

Foreldrar hans voru Pétur Friðriksson, fæddur 18. júní 1887, dáinn 9. september 1979, og Sigríður Elín Jónsdóttir, fædd 10. nóvember 1893, dáin 30. mars 1984. Systkini hans voru Guðmundur, fæddur 26. febrúar 1917, dáinn 16. maí 1960; Guðbjörg, fædd 28. mars 1920; Jóhannes, fæddur 2. ágúst 1922; Friðrik, fæddur 9. apríl 1924, og Matthías, fæddur 22. ágúst 1926. Hinn 14. janúar 1951 kvæntist Jón Sigurrós (Rósu) Sigtryggsdóttur, fædd 5. september 1932. Foreldrar hennar voru Sigtryggur Friðriksson, fæddur 24. október 1901, dáinn 26. október 1934, og Sigurbjörg Benediktsdóttir, fædd 11. september 1901.

Pau Jón og Rósa bjuggu fyrst á Akureyri en fluttust árið 1959 í Búðardal. Börn Jóns og Rósu eru: 1) Elín Sigurbjörg, fædd 10. nóvember 1950, sérkennari á Akureyri. Maki hennar er Helgi Jóhannesson, fæddur 23. október 1950, og eru börn þeirra Sunna, fædd 10. júní 1979, Þrándur, fæddur 25. maí 1980, og Björg, fædd 27. mars 1984. 2) Sigtryggur Ómar, fæddur 28. mars 1952, kerfisfræðingur í Reykjavík. Maki hans er Kolbrún Jóhannsdóttir, fædd 17. apríl 1954, og eru börn þeirra Rósa María, fædd 12. september 1978, og Rut, fædd 9. janúar 1981. 3) Bryndís Rósa, fædd 10. júlí 1957, skrifstofumaður á Akranesi. Maki hennar er Bergþór Guðmundsson, fæddur 25. júlí 1959, og eru börn þeirra Guðmundur Páll, fæddur 10. desember 1987, Jón Birkir, fæddur 16. maí 1990, og Gyða Björk, fædd 20. ágúst 1991. 4) Guðmundur Heimir, fæddur 30. nóvember 1960, dáinn 28. mars 1981. 5) Sigrún Ásta, fædd 21. febrúar 1962, safnstjóri í Stykkishólmi.

Jón var gagnfræðingur frá Héraðsskólanum í Reykholti og nam síðan bifvélavirkjun, sveinsprófi lauk hann 1955 og hlaut meistaraéttindi í iðninni 1959. Með námi starfaði hann á Bifreiðastöð Akureyrar en var verkstæðisformaður á Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Hvammsfjarðar í Búðardal frá 1959 til 1976. Frá 1976 var hann vélgæslumaður hjá Afurðastöðinni í Búðardal hf. Hann var stofnfélagi Lionsklúbbs Búðardals, starfaði í Leikklúbbi Laxdæla og tók þátt í mörgum uppfærslun klúbbsins og var félagi í Ungmennafélaginu Ólafi Pá. Hann var vatnsveitustjóri, fyrsti slökkviliðsstjórinn í Búðardal og formaður skólanefndar á þeim tíma sem barnaskólinn í Búðardal var byggður. Hann sat sem fulltrúi starfsmanna í stjórn Kaupfélags Hvammsfjarðar og var um tíma í stjórn Verkalýðsfélagsins Vals.

Útför Jóns fer fram frá Hjarðaholtskirkju í dag og hefst athöfnin klukkan 14.

---

[8. nóvember 1997](#) | Minningargreinar |

---

Þegar ég hugsa um þig, pabbi minn, streyma minningarnar fram, flestar tengdar trausti mínu á þér, fyrst í uppvextinum og seinna í daglegu lífi mínu. Ég hef alltaf verið pabbastelpa og mínar fyrstu minningar eru tengdar þér. Ég var von að sitja á verkstæðiströppunum og bíða

eftir því að þú værir búinn að vinna, bara til þess að geta gengið með þér heim. Í leik og starfi varst þú sannur fjölskylduþjálfari. Við krakkarnir áttum ykkur mömmu alltaf að þegar eitthvað bjátaði á og stundum þurfti líka að segja okkur svolítið til syndanna. Á unglingsárum okkar hafðir þú unun af að rökræða við okkur um lífið og tilveruna. Þá var oft setið fram á kvöld og málin krufin til mergjar.

Seinna kynntumst við hve sterkar rætur þú áttir í bernskustöðvunum á Ströndum. Ég ferðaðist með ykkur bræðrunum eitt sinn um Strandir og þá var farið í Skjaldarbjarnarvík, þar sem afi og amma bjuggu og þið systkinin ólust upp. Það var hreint ótrúlegt hvað þið bræðurnir lifðuð ykkur inn í frásagnir um staðhætti og sögu byggðar á þessum afskekktu stað. Stutt sumarheimsókn gaf mér hugmynd um hvernig það var að búa á nyrsta bæ í Strandasýslu í nábýli Drangajökuls. Þegar þú varst sex ára flutti fjölskyldan að Reykjarfirði, en það er í næsta nágrenni við þá nýstofnaða síldarverksmiðju í Djúpuvík. Þaðan voru helstu æskuminningar þínar. Fyrir nokkrum árum var haldið ættarmót í Reykjarfirði þar sem þið systkinin og afkomendur ykkar komuð saman. Þar varst þú í essinu þínu, með krökkunum að safna rekavið í bálkóstinn og í gönguferðum í fjallinu ofan við Reykjarfjörð, þaðan sem sást vel yfir fjörðinn.

Þú varst óþreytandi við að gróðursetja tré og hlúa að gróðri, bæði í garðinum í Búðardal og við sumarhústaðinn í Reykjadal, sem við köllum Frábæ. Það var fastur liður á hverju sumri að halda Frábæjarhátíð, þar sem öll fjölskyldan kom saman og var þá farið í leiki og grillað. Það er alveg víst að Frábæjarhátíðir verða aldrei samar og áður þegar þín nýtur ekki lengur við.

Við Bergþór og krakkarnir kveðjum þig, elsku pabbi minn, og söknum þess að geta ekki lengur rætt við þig og heyrt viðhorf þín, sem alltaf lýstu af manngæsku, umburðarlyndi og virðingu fyrir öðrum.

### **Þín dóttir, Bryndís.**

---

Jón Pétursson Það er komið að kveðjustund, elsku pabbi minn. Ég er þakklát fyrir að hafa átt þig að og að hafa notið leiðsagnar þinnar. Lífssýn þín byggði á réttisni og virðingu fyrir manneskjunnari og lífinu sjálfu. Þú orðaðir hana ætíð af ljúfmennsku þótt spurningarnar væru brýnar. Oft stoppaðir þú mig er ég í ungæðishætti mínum þóttist hafa fundið lausnir, en þó fann ég aldrei fyrir öðru en virðingu þinni fyrir mér sem manneskju. Þetta er mér dýrmætt veganesti og kært. Ég vildi óska að ég gæti orðað þessa flóknu tilfinningu sem hefur smám saman vaknað hjá mér í veikindum þínum, en orðin koma ekki í dag.

Ég á eftir að sakna þátttöku þinnar í lífi mínu, pabbi minn, og kveðjustundin er erfið.

### **Þín dóttir, Sigrún Ásta.**

---

Jón Pétursson Blessuð sé minning heiðursmanns sem aldrei haggðist þó að það gæfi á bæði borð. Jón Pétursson er nú lagður af stað út á þá braut sem við eigum öll eftir að fara, það er að segja, á vit ljóss, friðar og kærleika. Ég er einn af þeim sem er sannfærður um að á bak við

hliðið mikla bíður okkar óendanlegur friður og ómældur kærleikur. Því gleðst ég í dag með þér, vinur minn, yfir því að þrauta- og sjúkdómsganga þín er á enda. Jafnframt færi ég þér mínar bestu og innilegustu þakkir fyrir allar samverustundirnar, því þær voru allar góðar, já, mjög góðar. Elsku vinur, ég veit að ég þarf ekki að segja það við þig, svo sannur ertu þótt þú sért horfinn okkur sjónum, nú leggjumst við á eitt við að hugga konuna þína, hana Rósu, og börnin ykkar og barnabörnin ásamt öllum þeim sem eiga um sárt að binda vegna tímabundins viðskilnaðar við þig. Snúum sorginni upp í gleði, sjáum ljósið sem skín svo kristaltært, bara ef við viljum sjá það. Þá mun lífið aftur verða eins og leikur í ljósi minninga um góðan dreng sem veitti öllu samferðafólki sínu af bikar umhyggju og æðruleysi. "Þú handhafi lögmáls ljóss og kærleika. Hönd þín kann stundum að vera hrjúf og köld, en megni hún að færa eitt heilbrigt fræ til moldar, vex þar skrautblóm lífinu til dýrðar."

Ég var þeirrar gæfu aðnjótandi að vinna í nokkur ár undir stjórn Jóns Péturssonar á bílaverkstæði Kaupfélags Hvammsfjarðar í Búðardal. Aldrei, já, aldrei varð ég var við að Jón skipti skapi eða segði styggðaryrði um eða við nokkurn mann, slíkt var hans dagsfarsfas. Jón var ekki áberandi maður, en Jón var alltaf þarna til staðar. Jón var einn af þeim mönnum sem mótuðu mig sem baldinn unglíng, enda hef ég alltaf á vissan hátt í huga mínum kallað hann pabba. Staðfesta, traustlyndi og jöfnuður öllum til handa voru einkenni hans. Jón Pétursson var t.d. eini starfandi stofnfélagi Lionsklúbbs Búðardals, þegar hann lést. En Lionsklúbbur Búðardals var stofnaður 6. desember 1963. Þar var Jón, að öðrum ólöstuðum, einn af traustustu hornsteinum frá upphafi til dauðadags. Við Lionsmenn í Búðardal þökkum innilega Jóni Péturssyni fyrir allar samverustundirnar, sem voru bæði margar og góðar. Elsku Rósa mín, maður veit svo sem aldrei hvað á að segja á svona stundum, þannig er maðurinn og hefur verið frá örófi alda, ráðalaus og þögull andspænis örlögum sínum. Ljós, fögnuður, friður og kærleikur umvefji þig, Rósa mín, og alla fjölskyldu þína í dag sem og ókomna daga. Ljúf sé minningin um góðan dreng. Hvíli hann í friði.

Grát þú ei, barn mitt! Bráðum kemur vorið  
með blóm og fuglakvak.  
Þá sérðu engi, akra og græna skóga  
í öðru ljósi en nú  
og spyrð: Ó, hver á þessar sólskinssveitir  
Og svar mitt verður: þú!  
(Jóhannes úr Kötlum )

### **Jóhannes Benediktsson.**

---

Jón Pétursson Nú er fallinn frá vinur og starfsfélagi, Jón Pétursson í Búðardal. Fundum okkar Jóns bar saman fyrir um 20 árum, fljótlega eftir að ég hóf störf sem dýralæknir í sláturhúsi Kaupfélags Hvammsfjarðar í Búðardal, en þar var hann vélgæslumaður. Samstarf okkar var talsvert því að hann sá m.a. um vélbúnað frystihússins, en mitt hlutverk var að sjá um að ekkert færi úrskeiðis við frystingu kjötsins. Umsvif voru mikil því að tekið var kjöt til frystingar úr öðrum sláturhúsum á svæðinu og því allar vélar keyrðar til hins ýtrasta. Jón var afar samviskusamur og fær í starfi, enda urðu aldrei til þau vandamál í þessari vinnslu sem hann leysti ekki úr. Vinnutími hans var langur og marga sláturtíðina held ég að hann hafi lítil sem

engin frí fengið hvorki á nóttu né degi. Hann hélt samt alltaf sama jafnaðargeðinu og þegar við drukkum morgunkaffið saman, sem var oft, hafði hann jafnan spaugsyri á vör. Hann hafði nefnilega til að bera mikla kímniáfu sem smitaði frá sér og okkur sem með honum unnum leið vel í návist hans. Kaupfélagið varð gjaldprotta en nýtt félag, Afurðastöðin, hélt áfram rekstri sláturhússins. Jón hélt áfram að starfa á sama stað, en bætti nú á sig allri afgangi úr frystigeymslunum. Þar sem slátrað var nautgripum allt árið átti ég oft erindi í Afurðastöðina og þá hittumst við Jón. Ef tóm gafst til spjölluðum við saman og bar oftast en ekki þjóðmálin á góma, einkum byggðamál sem voru okkur hugleikin.

Við hittumst einnig oft á öðrum vettvangi, því í litlu þorpi eins og Búðardal hittist fólk bæði í starfi og leik. Jón og Rósa kona hans voru ákaflega góð heim að sækja og við hjónin minnumst sérstaklega þeirrar samverustundar er þau buðu okkur heim síðasta veturinn sem við bjuggum í Búðardal. Við hjónin vorum með þeim ásamt nokkrum öðrum hjónum í spilaklúbbi, þar sem spiluð var félagsvist mánaðarlega um 15 ára skeið. Við höfðum öll mikla ánægju af þeim stundum. Á þessum kvöldum stafaði frá Jóni þessi eðlislæga glettin, sem var honum svo eiginleg á góðri stund.

Þau Rósa áttu sumarhúsið inni á Reykjadal og dvöldu þar oft á sumrin og var sérstaklega gaman að heimsækja þau í húsið. Rétt hjá húsinum í þessum skjólsæla dal var sundlaug Ungmennafélagsins og í dalnum var kærkomið skjól frá norðaustanæðingnum sem er svo ríkjandi í Búðardal. Fyrir um tveim árum veiktist Jón. Þetta var í byrjun sláturtíðar, þeirrar síðustu sem ég starfaði í Afurðastöðinni. Við vinnufélagarnir söknuðum hans og fögnuðum því þegar hann var orðinn það frískur að hann gat verið með okkur í veislu sem Afurðastöðin hélt starfsfólkinu í lokin. Þetta reyndist aðeins stund milli stríða. Jón átti eftir að heyja harða baráttu við sjúkdóm sinn þar til yfir lauk nú í haust. Við Kristjana Emilía sendum Rósu og börnum þeirra Jóns innilegar samúðarkveðjur og þökkum samfylgd og vináttu góðs félaga.

### **Rögvaldur Ingólfsson.**

---

Ég vil með þessum fáu orðum minnast góðs vinar og samstarfsmanns um árabíl.

Kynni mín af Jóni Péturssyni og konu hans, Sigurrós Sigtryggisdóttur, hófust er ég kom sem ungur kennari í Búðardal haustið 1962. Allt frá fyrsta degi sýndu þau mér einstaka vinsemi og greiðvikni. Seinna átti ég svo eftir að kynnast Jóni enn betur sem formanni skólanefndar Grunnskólans í Búðardal til margra ára. Jón Pétursson var mikill áhugamaður um skóla og menningarmál og fljótlega eftir að hann tók við formennsku í skólanefnd hóf hann ötula baráttu fyrir byggingu skólahúss í Búðardal. Hann átti einna drýgstan þátt í því að hafin var bygging glæsilegs skóla er svara skyldi kröfum tímans um langa framtíð. Auk þess að vera formaður skólanefndar var Jón trúnaðarmaður í samræmdum prófum allt frá því er þau hófust hér og hvert vor síðan og seinast nú sl. vor. Jóni var þá vel ljóst að hverju dró og að loknu síðasta prófinu kvaddi hann mig með þeim orðum að þetta yrði í síðasta skipti, sem hann gegndi þessu starfi og þakkaði samstarfið gegnum árin. Það var ekki síður okkar í skólanum að þakka honum, því Jón var alla tíð einstakur í þessu hlutverki, rólegur og yfirvegaður og virkaði mjög vel á nemendur. Margir þeirra hafa sagt mér að þeim hafi fundist

gott að hafa hann í stofunni meðan á prófinu stóð. Þau hjón, Jón og Rósa, tóku bæði virkan þátt í þeirri uppbyggingu sem var hér í þorpinu á árunum 1964-1980, en þá settist hér að margt ungt fólk og uppsveifla var í atvinnulífinu. Mikið og öflugt félagslíf var hér á þessum árum og tóku þau bæði virkan þátt í því. Jón var einn af stofnendum Leikklúbbs Laxdæla og lék í mörgum leikritum sem sett voru á svið. Hann tók einnig virkan þátt í ýmsum framfaramálum í sveitarfélaginu og vann þeim brautargengi.

Ég vil þakka Jóni Péturssyni einstök kynni, vináttu og samstarf í tímans rás. Rósu, börnum þeirra Jóns og fjölskyldum þeirra sendi ég innilegar samúðarkveðjur og flyt um leið kveðju frá öllum í Grunnskólanum í Búðardal.

Í húmi haustsins kveð ég kæran vin og samstarfsmann, en haustið á líka sína fegurð og litadýrð og í ljóma þeirra lita lifir minningin um mætan mann.

**Þrúður Kristjánsdóttir skólastjóri.**

---